






Öryggis- og merkingaráætlun

Hjá Bergraf er stefnt að því að starfsemin sé slysalaus og saman leggjum við okkur fram um að koma í veg fyrir slys, dauðsföll og veikindi. Bergraf er meðvitað um að tryggja heilbrigt og öruggt starfsumhverfi og verja starfsmenn sína, tæki og verðmæti fyrir slysum og tjóni. Starfsemi og rekstur fyrirtækisins fylgir öllum gildandi lögum og reglugerðum sem eiga við hverju sinni.

Hjá Bergraf er lögð áhersla á öruggt og heilnæmt vinnuumhverfi starfsmanna, bæði fyrir andlega og líkamlega heilsu.

- Bergraf eflir öryggisvitund starfsfólks og verktaka með reglulegri upplýsingagjöf, þjálfun og fræðslu.
- Við berum öll ábyrgð á eigin öryggi, skiljum þær öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfisáðættur sem fylgja starfsemi okkar og ábyrgð stjórnenda er skýr.
- Bergraf leggur áherslu á virkan þátt starfsmanna í öryggismálum og styður við öryggismiðaða menningu.

Öryggisráðstafanir og merkingar á verkstað, Stofnbrautir og vegir Vegagerðarinnar.

Verkstaður eða vinnusvæði telst vera við hvern stað sem ljósastaur eða tengiskápur er.

- Öll tæki skulu búin viðvörunarljósum að aftan, framan og á þaki.
- Á öllum vinnusvæðum skal koma fyrir aðvörunarmerkjum, „vinnukall“ hraðatakmörkunarskilti og aðvörunarkeilum, í myrkri skal hafa blikkandi aðvörunarljós á keilum.
- Á hverjum verkstað skal nota öryggis- og árekstrarþúða sem gerður er fyrir 100km/h.
- Púðabíll skal hafður í handbremsu. Stýrisstefna sé bein nema í beygju, þar skal stýrisstefna fylgja stefnu á vegi.
- Bíll eða tæki skulu vera í beinni línu við veg.
- Þegar unnið er í körfu skal Öryggisbíll eða það tæki sem árekstrarkerran er tengd við vera 5-6 metra aftan við körfubílinn og 1,5 metra frá vegöxl. Bíll eða tæki skulu vera í beinni línu við veg.
- Þegar unnið er í námunda við gatnamót skal gæta vel að umferð frá þeim inn á framkvæmdasvæðið.
- Ef sett er sérstök takmörkun hámarksbraða þarf að afnema hana með merki 380.
- Ef unnið er á fjölagreinavegi skal notuð ljósaör sem vísar niður til vinstri en kross ef unnið er á 1 + 1 vegi.
- Vinnusvæði skal tekið út af eftirlitsmanni öryggisáætlunar. Hann skal staðfesta að merkingar og öryggisráðstafanir sé í lagi.

Vinnutæki getur verið: Grafa, vörubíll eða þjónustubíll með eigin þyngd yfir 5,2 tonn.

Vinnusvæðum er skipt í tvo flokka.

Grænt svæði

Á grænu svæði eru engar sérstakar kröfur um varnargirðingar eða þess háttar.

Gult svæði

Á gulu svæði eru gerðar kröfur um sérstakar varnir.